

Nr. 1212

19. desember 2012

REGLUGERÐ um orlofs- og desemberuppbætur til lífeyrisþega árið 2013.

1. gr.

Orlofs- og desemberuppbætur.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 22. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 8. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur á árinu 2013.

2. gr.

Orlofsuppbót.

Í júlí skal greiða 20% uppbót á fjárhæðir skv. 1. gr. sem reiknast miðað við 1/12 af greiðslurétti lífeyrisþega síðustu 12 mánuði fyrir greiðslu uppbótarinnar.

3. gr.

Desemberuppbót.

Í desember skal greiða 30% uppbót á fjárhæðir skv. 1. gr. sem reiknast miðað við 1/12 af greiðslurétti lífeyrisþega á árinu 2013.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2013. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1234/2011, um orlofs- og desemberuppbætur til lífeyrisþega árið 2012.

Velferðarráðuneytinu, 19. desember 2012.

Guðbjartur Hannesson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. desember 2012